


Morgunn lífsins. Eigandi Seðlabanki Íslands.



Jóhannes Kjarval árið 1935.

Sýning með „fína náttúru"

Framhald af bls. 9

Svo vel hefur verið vandað til vals verka að ekki eru nema fáar myndir, sem ekki verða taldar í röð fremstu verka Kjarvals. Meðan hann sjálfur var á meðal okkar, var oft mjög erfitt að koma saman sýningu á verkum hans og jafnvel erfitt að velja verk eftir hann á samsýningar. Hann var — eins og flestir vita — dálítið dyntóttur og átti það til að setja það á oddinn, að þetta eða hitt yrði endilega að vera með á þeirri sýningu, sem um var að ræða í þetta eða hitt skiptið. Stundum var að því fengur, en oft urðu þessar tiktúrur til hins verra. Hann var dálítið sérlundaður á stundum blessaður, og ekki ætíð þjáll í samstarfi, og það er langt síðan ég gerði mér það ljóst, að hans bestu verkum yrði ekki komið í einn stað, meðan hann héldi skoðunum sínum til streitu. Þessi sýning sannar mér það, að ég hafði haft rétt fyrir mér. Hvað um það! Nú hafa Kjarvalsstaðir staðið opnir í nokkur ár, og að mínum dómi er nú farið inn á rétta braut einmitt með því að fá lánuð verk úr einkaeign til sýningar í sölum hússins — verk, sem sjaldan eða aldrei hafa komið fyrir augu almennings, en einmitt á þennan hátt er hægt að gera list Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals lifandi og sterkan þátt í menningu okkar og hasla henni völl, sem henni sæmir. Það var mikil guðs gjöf, að Jóhannes Sveinsson Kjarval fékk að starfa meðal okkar. Það er líka rétt stefna, sem farið hefur verið inn á, að láta slíka sýningu sem þessa standa lengi, allt að því hálft árið, eins og ætlunin mun með þá sýningu sem nú býðst okkur. Kjarval sagði stundum að hitt og þetta hefði „fína náttúru". Þessari sýningu á Kjarvalsstöðum er ef til vill best lýst með þeim orðum.

Hafi allir þeir, sem að þessari sýningu standa, bestu þakkir fyrir. Þessar línur eru hvergi nægilegar til að gera þeim verkum Kjarvals, sem nú eru til sýnis, nokkur skil. Hér hef ég aðeins stiklað á stóru, enda var Jóhannes Sveinsson Kjarval það margslunginn persónuleiki í list sinni, að tæpast er nokkur fær um að kryfja það fyrirbæri til mergjar. Afköst hans sem málara voru slík, að enginn veit með vissu nokkrar tölur í því sambandi. Þjóðsagan Jóhannes Sveinsson Kjarval var það mergjuð að hún verður seint afgreidd með skrifuðum texta. Það varð að upplifa hann sjálfan í hinum mikla fjölda gerva, sem hann gat brugðið sér í. Það var ævintýri að hitta Jóhannes Kjarval á götum borgarinnar. Tæki hann ofan, hneigði sig, segði ekki orð, brosti ef til vill, liti til himins og labbaði síðan teinréttur á brott, hafði eitthvað gerst hið innra með vegfarandanum, sem ekki verður útskýrt með orðum.

Valtýr Pétursson.



Frá feti upp í flugskeið

Framhald af bls. 7

blaðagreinar. Margir lögðu hönd á plóginn við a temja hann. Hann var glæsilegur hestur en mjög ögrandi og tortrygginn. Hann var sendur á Evrópumótið 1970 og ílentist í Þýskalandi.

Misjafnar skoðanir á meðferð hesta

Menn hafa misjafnar skoðanir á útflutningi íslenskra hesta; en þeir hestar sem fara úr landi eiga ekki afturkvæmt. Hver er þín reynsla af hlutskipti þeirra í öðrum heimkynnum?

— Það er rétt að lög mæla svo fyrir að ekki megi flytja þá fremur en önnur dýr aftur til landsins. Ef eftir því sem ég best veit, fá þessir hestar góða meðferð og lifa við betri kjör en sumstaðar hér heima ef út í það er farið. Hvernig þeim tekst að aðlagast nýjum staðháttum og loftslagi er ekki hægt að fullyrða. Það er vafalaust einstaklingsbundið eins og með menn.

Það er líka umdeilt mál hvernig búið er að útigangshestum hér á landi?

— Ég tel að þar gæti stundum nokkurs misskilnings og vanþekkingar. Vitanlega ættu allir hestar að eiga kost á húsaskjóli og hafa nægilegt fóður. En það er margreynt að hestar standa fremur fannbarðir úti heldur en fara í hús sem stendur opið fyrir þá. Fólk sem talar um illa meðferð á útigangshrossum ætti að gana að hesti þar sem hann stendur hálffenntur úti og bregða hendinni undir feldinn. Þar er þurrt og hlýtt. Íslenski hesturinn býr enn að þeim forna eiginleika að safna vetrarhárum og vetrarforða, en vel þarf að gæta þess að ekki gangi of mikið á þann forða. Mörg erlend hestakyn hafa tapað þeim eiginleika, að bjarga sér á útigangi en íslenskir eldishestar halda honum þótt þeir hafi önnur lífsskilyrði og þurfi ekki á þessum eiginleika að halda. Það sem oftar veldur því að hestar hér þrífast illa og verða ótótlegir í útliti er, að ekki er hirt nægilega vel um að ormahreinsa þá. Það þarf að gera minnsta kosti einu sinni á ári, en á því vill verða misbrestur. Þetta veldur hestum í mörgum tilfellum meiri ömun en kuldinn.

Það þarf ekki að spyrja hvort þú hafir hús fyrir þá hesta sem eru á þínum vegum?

— Ég hef hús fyrir þá alla enda eru þeir aldir upp til sölu sem reiðhestar.

Íslenskir hestar vekja áhuga erlendra hestamanna

Íslenskir hestar virðast vekja athygli erlendis? Hver er ástæðan?

— Ástæðan er m.a. sú að þeir hafa ýmsa eiginleika sem orðnir eru úreltir hjá flestum öðrum hestategundum. Þetta er rannsóknarefni fræðimanna í hestamennsku. Þess má geta að í vor var hér á ferð dr. Isenbügel frá Sviss. Hann hélt fyrirlestra um þetta efni. Hann hefur sjálfur íslenska hesta og í hans heimalandi hélt fólk að þeir væru haltir þegar þeir fóru á tölti. Dr. Isenbügel leiðir rök að því, að upphaflega hafi öllum hestum verið eiginlegt bæði tölt og skeið en þessar gangtegundir hafi verið ræktaðar úr þeim með tilliti til þess að þær hent-

Framhald á bls. 16.

Ingibjörg Briem

ÞÚ

Hvenær kemur þú til mín?
Þú ert það sem allir þrá.

Þú og ég
sitt í hvoru lagi
Þú og ég
erum fær í okkar fagi
en sitt af hvoru tagi

Þú
af hverju felur þú þig
einhvers staðar bak við þil?
Hver veit nema þú hræðist mig.

ég
Hvað er það sem ég alltaf vil
Kanski það sé þetta bil
sem ætíð aðskilur mig og þig